

Alþingi
Erindi nr. P 127/628
komudagur 11.01.2002


Landbúnaðarnefnd
Alþingi Kirkjustræti
155 Reykjavík

Reykjavík 07.01.02

Forkaupsréttarákvæði

Í lögum um útflutning hrossa eru í gildi forkaupsréttarákvæði, þannig að hross með mjög hátt kynbótamat verður að auglýsa til forkaups eigi að senda það úr landi. Jafnvel þó svo að eigandi hrossins sé að flytja búferlum með eign sína. Í aðeins einu tilfelli hefur forkaupsréttur verið nýttur. Þá var keyptur hestur á háa upphæð af hrossaræktarsambandi, enginn áhugi reyndist fyrir hestinum hjá ræktendum hér á landi svo að um ári síðar var hesturinn seldur úr landi á mun lægra verði.

Í ljósi þess að verið er að endurskoða lög um útflutning hrossa svo og vegna nýlegs úrskurðar um ólögmati forkaupsréttarákvæða varðandi sölu bújarða. Viljum við eindregið skora á Landbúnaðarráðherra, Landbúnaðarnefnd og Alþingi að gæta þess í setningu nýrra laga að þau stangist ekki á við alþjóðasáttmála og lög um viðskiptafrelsi.


Gunnar Arnarson


Kristbjörg Eyvindsdóttir

Einnig sent: Guðna Ágústssyni Landbúnaðarráðherra